LÖG

24
14. júní

um

sérstakar dómþinghár í Óspakseyrar- og Fellshreppum í Strandasýslu.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Óspakseyrarhreppur og Fellshreppur í Strandasýslu skulu vera sérstakar dómþinghár og þingstaðirnir vera að Óspakseyri og Stóra-Fjarðarhorni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfriköll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.

LÖG

25
14. júní

um

gjaldþrotaskifti.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Bú einstaklings, firma eða félags er skylt að taka til gjaldþrotaskifta:

1. Ef þess er krafizt af þeim, er telur sig ekki geta að fullu staðið í skilum við lánardrottna sína og á ekki nægilegt fé til greiðslu skulda sinna.